

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 6. júlí 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8³⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Þriggja ára áætlun**

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun sem sveitarstjóri kynnti. Tillagan var að grunni til sú sama og kynnt var við fyrri umræðu 9. maí sl. Í áætluninni er gert ráð fyrir svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári. Hreppsnefndarmenn ræddu áætlunina en hún var síðan samþykkt.

2. Bréf:

a) *Skipulagsstofnunar, 22. júní 2005.*

Í bréfinu er óskað umsagnar Höfðahrepps um tillögu að matsáætlun vegna sorphögunar á Norðurlandi vestra. Fyrir fundinum lá einnig tillaga að svarbréfi til Skipulagsstofnunar. Samþykkt að senda svar skv. fyrirliggjandi tillögu.

b) *Félagsmálaráðuneytisins, 30. júní 2005.*

Í bréfinu er tilkynnt um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólanum fjárhagsárið 2005. Í bréfinu kemur fram að endanlegt framlag til sveitarfélagsins verði 1.800 þús. en í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 2.640 þús. Bréfið var til kynningar en samþykkt að óska eftir skýringum á mismuninum.

c) *Hestamannafélagsins Snarfara, 11. júní 2005.*

Í bréfinu er óskað eftir þátttöku sveitarfélagsins í reiðnámskeiði fyrir börn á sömu forsendum og á sl. ári. Erindið var samþykkt.

d) *Erindi vegna leikskóla í öðru sveitarfélagi.*

Fyrir fundinum lá bréf þar sem óskað er eftir að Höfðahreppur greiði sveitarfélagshluta leikskólaláss í Reykjavík á forsendum þess að umsækjandi eru námsmaður sem þarf að flytja aðsetur sitt í til að stunda nám. Erindið var samþykkt.

3. Fundargerðir:

a) *Byggingarnefndar, 24. júní 2005.*

Fundargerðin var samþykkt.

b) *Héraðsráðs 26. maí 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

c) *Stjórnar SSNV, 1. júní 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

d) *Heilbrigðisnefndar* 28. júní 2005.
Fundargerðin var til kynningar.

e) *Leikskólanefndar* 29. júní 2005.
Fundargerðin var samþykkt en formanni leikskólanefndar og sveitarstjóra falið að ræða nánar við leikskólastjóra um nokkur áherslumál sem fram koma í fundargerðinni.

4. Önnur mál.

a) Húshitunarkostnaður:

Mikil umræða varð um húshitunarkostnað og áhrif nýrra orkulaga á hann. Rætt var um möguleika til að koma upp hitaveitu, annað hvort með sorporku eða jarðvarma. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við fulltrúa Rarik um hitaveitumál.

b) Ferðamál:

Umræða varð um ferðamál og möguleika til að auka aðdráttarafl Skagastrandar í ferðamálum. Ekki voru gerðar ályktanir vegna málsins en ákveðið að kanna nokkra möguleika til að vekja athygli á staðnum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁴⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir